

Leiðbeiningar um notkun snertiskála (rodac)

Sýni ehf. selur snertiskálar (rodac) sem eru tilbúnar til notkunar og veitir viðskiptavinum sínum allar nánari upplýsingar um notkun skálanna.

Geymsla skála

Ónotaðar skálar á að geyma í kæli við 0-4°C á hvolfi. Ef skálarnar eru geymdar í lokuðum umbúðum geymast þær í 4 vikur.

Fyrir sýnatöku

Áður en sýnataka hefst er nauðsynlegt að þvo og sótthreinsa vel hendur. Gæta verður þess að snerta aldrei ætíð á skálunum, hvorki með höndum eða öðrum hlutum, því það gæti mengað ætíð og gefið ranga mynd af ástandi flatarins sem á að meta.

Snertiskálarnar eru merktar með númerum og skráð á beiðni hvar sýnin hafa verið tekin.

Nauðsynlegt er að fá ýtarlegar upplýsingar um sýnið og fylla út beiðni um mælingar sem má nálgast á heimasíðu Sýnis ehf. **Beiðni um mælingar - Loftskýni og snertiskálar EBL-0113.**

Sýnataka

Til öryggis getur verið gott að taka tvö eða fleiri sýni á hverjum stað. Á stærri vinnsluborðum er æskilegt að taka 1-2 sýni á hvern fermetra.

- Lokinu er lyft varlega af skálinni og yfirborð hlaupsins lagt á þann flöt sem þarf að skoða.
 - Gæta verður þess að ALLUR flöturinn á ætinu snerti yfirborðið.
 - Passa að snerta ekki innri brúnir loksins meðan verið er að taka sýnið.
- Ýtt létt með fingrum á skálina svo að hún leggist vel á flötinn, en varast ber að ýta svo fast að skálin renni út undan sér.
- Halda skálinni á fletinum í u.þ.b.10 sek..
- Skálinni lyft varlega upp af fletinum og skálinni lokað.
- Setja skálina í poka og passa að hún opnist ekki aftur, því þá getur sýnið mengast.
- Skálin er síðan send á prófunarstofu til ræktunar.

Eftir að sýnatöku er lokið er best að senda skálarnar sem allra fyrst til prófunarstofu eða helst innan sólarhrings. Ekki er þörf á að geyma skálarnar í kæli, eða hafa þær með kælimiðli á meðan á flutningi stendur.

Gott er að senda beiðnina í tölvupósti til viðkomandi prófunarstofu til að láta vita að sýnið sé á leiðinni.

Mat á árangri hreinlætiseftirlits

Í matvælavinnslu má nota eftirfarandi viðmiðunargildi til að meta hvernig tekist hefur til með þrifin.

Fjöldi gerlahópa á skál	Mat á þrifum	
0	Mjög gott	Fullnægjandi
0-10	Gott	
11-100	Lélegt	Ófullnægjandi
Yfir 100 (>100)	Mjög lélegt	

Tilvísanir

Beiðni um mælingar - Loftskýni og snertiskálar EBL-0113

Heimildir

Vinnuhandbók fyrir örverurannsóknir á matvælum og neysluvatni